

Nr. 101 / 16 Sturlaugur H. Böðvarsson AK 10***Skipverji slasast við fall í lest***

Skipaskr.nr. 1585 IMO nr. 8003993
Útgerð: HB Grandi hf
Smíðaður: Akranesi 1981 stál
Stærð: 431,2 brl. 712 bt.
Mesta lengd: 50,85 m Skráð lengd: 44,16 m
Breidd: 9 m Dýpt: 6,4 m
Vél: Stork Werkspoor 1590 kW, 1986
Fjöldi skipverja: 15



Sturlaugur H. Böðvarsson ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 9. október 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 9. nóvember 2016 var Sturlaugur H Böðvarsson AK 10 á togveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: NA 8 og lítill sjór.

Skipverji var við vinnu í lest þegar honum skrikaði fótur í kari með þeim afleiðingum að hann féll með vinstri síðu á karabrunn og rifbeinsbrotnaði.

Við rannsókn kom fram:

- að hann var að fara upp úr fiskikarinu þegar hann rann til og fell á brúnina á fiskikarinu;
- að nokkrir ísmolar voru í fiskikarinu sem skipverjinn stóð í;
- að sögn slasaða valt skipið snögglega sem varð til þess að hann féll;
- að hann var frá vinnu í fimm vikur vegna slyssins;
- að skipverjinn var í skiprúmi á öðru skipi útgerðarinnar en var að leysa af þennan túr;
- að sögn skipstjóra taldi hann ástæðu þess að ekki væru notaðar grindur (botnar) í körin væri sú að slíkt væri ekki lögbundið;
- að fram kom að skipverjinn var ekki lögskráður á skipið og að sögn skipstjóra hafði hann beðið útgerð skipsins að lögskrá slasaða þar sem skipstjórinn var ekki kominn með aðgang af lögskráningarkerfinu fyrir þetta skip.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar

Nefndin ítrekar fyrri ábendingar um tilgang og gildi lögskráningar skipverja en í þessu tilviki var slasaði ekki skráður á skipið. Er það alvarlegt þegar skipstjóri sinnir ekki þeirri skyldu að lögskrá skipverja en með lögskráningu eru tryggingar skipverja í gildi. Óskráður skipverji er ótryggður.

Sérstakar ábendingar:

Talsvert hefur verið um slys í tengslum við vinnu í lest þegar unnið er í körum. Þegar hafa komið fram lausnir til að auka öryggi þeirra sem vinna við þessar aðstæður. Þar má nefna palla úr rifflluðu áli og einnig er hægt að sníða til rifflaðar grindur til að setja í botn kara. Nefndin hefur vitneskju um að þessar lausnir séu notaðar um borð í nokkrum skipum með góðum árangri. *Sjá myndir.*

